

21. júní 2011

Tilv.

Hafnarfjarðarbær
Bjarki Jóhannesson,
sviðsstjóri
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 21. júní 2011
Tilvísun: UST20110600026/ksj

Tillaga að breyttu aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005 - 2025. Tillaga að breyttu deiliskipulagi athafnasvæðis Ávers í Straumsvík og aðkomu að því

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar er barst 6. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005 – 2025 og tillögu að breyttu deiliskipulagi álverslóðar í Straumsvík, Hafnarfirði. Breytingin nær til gatnamóta Reykjanesbrautar og Víkurgötu við Álverið í Straumsvík.

Tillaga að breyttu aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005 – 2025

Tillaga að breyttu aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005 – 2025 gerir ráð fyrir undirgöngum við álverið í Straumsvík. Undirgöngin hafa það að meginmarkmiði að auka umferðaröryggi við álverið. Fram undan er vinna við stækkun álversins og mun umferð inn og út af svæði álversins aukast til muna, og þar með eykst slysahætta sem skapast af vinstri beygjum inn og út af Víkurgötu.

Tillaga að breyttu deiliskipulagi

Deiliskipulagið nær yfir svæði sem er samanlagt um 52 ha að stærð og nær yfir athafnasvæði Ávers í Straumsvík, ásamt aðkomu að álverinu. Markmið tillögu að breyttu deiliskipulagi er að koma fyrir undirgöngum undir Reykjanesbraut norðvestan við núverandi aðkomu að Álveri í Straumsvík, ásamt tilheyrandi að- og fráreinum, og að auka öryggi akandi og gangandi vegfarenda um og við Reykjanesbraut.

Lýsing á breytingartillögu

Tillaga að breyttu aðalskipulagi og tillaga að breyttu deiliskipulagi lóðar álversins felast í því að gatnamót Reykjanesbrautar og Víkurgötu verða lögð undir Reykjanesbrautina. Í lýsingu eru áhrif af breytingunni talin vera mjög jákvæð, þar sem umferðaröryggi verður bætt með breytingunni og þar sem hluti gatnamótanna færist til austurs og þar með fjær

hverfisverndarsvæði og svæði á náttúruminjaskrá.

Náttúruminjar


Svæðið sem breytingartillögurnar ná yfir liggur að svæði á náttúruminjaskrá en í skránni segir: „*112. Straumsvík, Hafnarfirði. (1) Fjörur, strendur svo og tjarnir með fersku og ísöltu vatni við innanverða Straumsvík, frá Urtartjörn vestan Straums suður fyrir Porbjarnarstaði að athafnasvæði Ísal. (2) Tjarnir með einstæðum lífsskilyrðum, allmikið fuglalíf.*“ Umhverfisstofnun vekur athygli á því misräemi sem er á merkingu svæðis á náttúruminjaskrá á uppdrætti er sýmir tillögu að breyttu aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005 – 2025 annars vegar og tillögu að deiliskipulagi þar sem sýnd er aðkoma að álverinu í Straumsvík, en þar er hverfisverndað svæði í Straumsvík merkt í gulum lit og kallað friðland.


Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að ekki verði gengið á strendur og tjarnir við Straumsvík frekar en orðið er. Eins og ofangreind lýsing sýnir er um allsérstæðar náttúruminjar að ræða og mikilvægt að halda þeim ósnortnum.

Á lóð álversins í Straumsvík og aðliggjandi lóðum eru nútímahraun sem falla undir sérstaka vernd skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Þar sem hraunum á því svæði sem ofangreindar breytingartillögur ná til hefur þegar hefur verið raskað, gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við gerð gangna og aðreina en telur afar mikilvægt að farið verði í framkvæmdir af varúð og hraunmyndunum á nálægum svæðum er falla undir 37. gr laga nr. 44/1999 um sérstaka vernd verði hlíft.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun undirstrikar að allar framkvæmdir við náttúruminjasvæði og jarðmyndanir er falla undir sérstaka vernd verði unnar af varúð og að forðast verði alla ónauðsynlega röskun. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við breytingartillögurnar.

Virðingarfyllst

Olafur A. Jónsson
Deildarstjóri


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

